

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 9. október 2023
UST202309-208/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Dílaflöt - Rangárþing eystra

Vísað er til erindis fulltrúa skipulags- og byggingarsviðs í Rangárþingi eystra er barst 21. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Dílaflöt í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram skipulagssvæðið sé 15 ha. og verður það nýtt fyrir ferðaþjónustu og stofnaðar verða tvær nýjar lóðir úr landi Dílaflatar.

Á lóð 1 eru þrjú byggingareitir fyrir 4 smáhýsi ásamt þjónustuhúsi þar sem hámarks byggingarmagn lóðar er 200 m². Á lóð tvö verða fjórir byggingareitir fyrir 6-8 smáhýsi og gufuböð ásamt þjónustuhúsi þar sem hámarksbyggingarmagn lóðar er 400 m².

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur